

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð nr. 403 18. desember 1974, um gatnagerðargjöld í Bolungarvíkurkaupstað.****1. gr.**

1. gr. orðist svo:

Húseigendur í Bolungarvík skulu greiða til bæjarsjóðs Bolungarvíkur gatnagerðargjald af hverjum rúmmetra byggingar, sem nemur ákveðnum hundraðshluta byggingarkostnaðar pr. m³ eins og hann er á hverjum tíma í visitöluhúsinu samkv. útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

1. Einbýlishús	3 %
2. Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð (raðhús) ..	2 %
3. Tveggja hæða íbúðarhús	2 %
4. Fjölbýlishús	1,5%
5. Verslunar- og skrifstofubyggingar	2 %
6. Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað húsnæði	1,5%
7. Opinberar byggingar	3 %
8. Bílageymslur, sérbyggðar	3 %

Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða í gatnagerðargjöld kr. 40.00 af hverjum fermetra lóðar.

2. gr.

Ný grein, 4. gr., bætist við og orðist svo:

Af byggingum, sem reistar verða á lóðum sem óbyggðar eru þegar lokið hefur verið við að leggja bundið slitlag á viðkomandi götu, skal greiða gatnagerðargjald samkv. 1. gr. og skal það greiðast á gjalddögum sem bæjarstjórn ákveður.

3. gr.

4. gr. verði 5. gr.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt 1. og 3. gr. laga nr. 51/1974, um gatnagerðargjöld, til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 18. febrúar 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

REGLUGERÐ**fyrir Vatnsveitu Sauðárkrókskaupstaðar.****1. gr.**

Bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og getur fullnægt og einnig til hafnarinnar. Bæjarráð annast stjórn og rekstur vatnsveitunnar í umboði bæjarstjórnar.

Reikningsár veitunnar er almanaksárið og skulu reikningar endurskoðaðir af endurskoðendum bæjarreikninga, og fylgja reikningum bæjarins.

2. gr.

Bæjarstjórn lætur leggja vatnsæðar svo víða um kaupstaðinn, sem henta þykir, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði eða götu er lóðir þeirra liggja að, eða eru í námunda við.

3. gr.

Hver sá, sem komast vill í samband við Vatnsveitu Sauðárkróks, skal senda umsókn þar um. Umsókn skal rituð á eyðublöð, sem umsjónarmaður vatnsveitunnar lætur í té, með minnst 7 daga fyrirvara. Áður en hafist er handa um lagningu innanhúskerfis í byggingu umsækjanda, skal hann leggja fram uppdrátt í tvíriti og í eigi minni mælikvarða en 1:100. Skal uppdráttur gerður af hæfum manni sem til hefur hlotið samþykki vatnsveitunnar.

Á afstöðumynd skal sýnd og málsett lega og dýpt heimæðar við húsvegg.

Uppdráttur skal hafa hlotið samþykki umsjónarmanns vatnsveitunnar áður en innanhúslögn er hafin og skal stimpla og árita bæði eintökin og skal annað geymt í skjalasafni vatnsveitunnar.

4. gr.

Enginn má leggja vatnsæðar frá Vatnsveitu Sauðárkróks, hvorki nýlagnir eða breytingar á eða viðbætur við eldri vatnslagnir, nema vatnsveitan sjálf. Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við viðhald vatnsæða frá aðalæð í hús sín samkvæmt reikningi vatnsveitunnar.

Fyrir tengingu heimæða skal greiða sérstakt tengigjald, samkvæmt gjaldskrá vatnsveitunnar.

5. gr.

Tenging heimæða við vatnsveitukerfið skuldbindur ekki vatnsveituna til að tryggja að þrýstingur í götuhæð sé ávallt nægjanlegur.

6. gr.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum vatnslögnum, sem breyta á, getur vatnsveitan krafist þess, að þeir séu gerðir, og ber húseigandi allan kostnað af því.

7. gr.

Pípulagningamenn eða verktakar, sem hlotið hafa samþykki bæjarstjórnar, hafa einir rétt til að annast vatnslagnir innanhúss, og gildir það jafnt um nýlagnir og breytingar og/eða viðgerðir á eldri lögnum. Þeir hafa ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa, samþykktan uppdrátt og nánari fyriræli er kunna að verða sett.

8. gr.

Vatnsveitan hefur eftirlit með því, að lagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og reglugerð þessa.

Engar lagnir má hylja fyrir en þær hafa verið viðurkenndar af vatnsveitunni. Sé verk, að áliti vatnsveitunnar eða eftirlitsmanns hennar, ekki unnið í samræmi við reglugerð þessa eða reglur sem kunna að verða settar, getur hún stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr ágöllumum.

Eftirlit vatnsveitunnar rýrir á engan hátt ábyrgð þess er annast verkið.

9. gr.

Skylt er hverjum húseiganda, er vatnsæð hefur, að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust um bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum.

Enginn má eyða vatni að óþörfu.

10. gr.

Eftirlitsmönnum vatnsveitu er heimilt að fara um hús manna þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett eru í samband við þær.

Ef þeim útbúnaði þykir í einhverju ábótavant, skal tafarlaust bætt úr því á kostnað eiganda.

11. gr.

Heimilt er vatnsveitunni að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að tilkynna bilanir á pípum eða tækjum eða eyða vatni að óþörfu. Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðar eru lokaðar af þessum sökum. Bæjarstjórn getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, sé skortur á vatni. Þá er heimilt að loka fyrir vatnið, þegar þörf krefur, vegna hreinsunar eða annarra framkvæmda við vatnsveituna, enda skal það tilkynnt áður, sé þess nokkur kostur.

12. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi land og landafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmarkanir á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

13. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar eða af öðrum ástæðum.

14. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Sauðárkróks, sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt og skal honum varið til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna. Sama er og um aðrar fasteignir, sem fá vatn frá Vatnsveitu Sauðárkróks.

Nú er vatni frá vatnsveitunni veitt í hús eða til hvers konar starfsemi utan lögsagnarumdæmisins og skal þá ákvarða vatnsskattinn samkvæmt því er í gjaldskrá þessari segir.

15. gr.

Álagningarstofn almenns vatnsskatts skal vera heildarmat fasteignar, þ. e. a. s. mat mannvirkja að viðbættu mati lóðar skv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963.

Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist vatnsskattur skv. fasteignamatsverði lóðarinnar. Nú er fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, eigi virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá vatnsveitan skattinn. Við ákvörðun vatnsskatts samkvæmt þessari málsgrein skal höfð hliðsjón af því, hvert líklegt fasteignamat myndi verða á eigninni fullfrágenginni.

Um hús, sem eru í byggingu og því eigi virt fasteignamatsvirðingu, skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

1. Vatnsskattur skal lagður á öll hús í byggingu samkv. ákvæðum 1. og 4. mgr. hér á undan, ef lokið er við steypu á efstu plötu, ellegar ef þakúttekt hefur farið fram.
2. Miða skal upphaf vatnsskattsálagningar við úttektardagsetningu byggingarfulltrúans á Sauðárkróki, ef hún er fyrir hendi, annars áætlað vatnsveitan viðkomandi dagsetningu.

3. Vatnsskatturinn skal reiknast á 1. ári hlutfallslega frá þeim mánuði, sem úttektin átti sér stað.
4. Hafi bygging verið lengur en þrjú ár í smíðum, án þess að verða vatnsskattshæf samkv. framangreindum reglum, skal reikna vatnsskatt af mannvirkjum eins og þau væru fullfrágengin. Þriggja ára tímabilið skal reiknast frá þeim tíma, er úttekt á grunni byggingarinnar fór fram samkv. bókun byggingarfulltrúans á Sauðárkróki.

16. gr.

Auk vatnsskatts samkvæmt 17. gr. skal greiða aukavatnsskatt fyrir verksmiðjur, iðnfyrirtæki (vinnslustöðvar), útgerðarstöðvar, sláturhús, frystihús, efnalaugar, þvottahús, bifreiðþvottastöðvar, svo og skulu þeir aðrir greiða aukavatnsskatt, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa.

Aukavatnsskatt skal innheimta samkvæmt mæli eða áætlun vatnsveitunnar. Vatnsveitan lætur notendum í té löggilta vatnsmæla og er ársleiga fyrir hvern mæli 50m/m eða minni kr. 2 500.00 og kr. 5 000.00 fyrir stærri mæla. Skal vatnsveitan sjá um uppsetningu mælanna og kosta eðlilegt viðhald þeirra, en skemmdir af mannaöldum eða frostum ber húseiganda að bæta.

17. gr.

Af öllum fasteignum, sem vatnsskattsskyldar eru skv. 15. gr. skal greiða árlegan vatnsskatt, sem er 0,40% af heildar mati hvernar fasteignar, þó eigi minna en kr. 9.00 af m³ hvernar byggingar. Gjaldalagi skatts skv. þessari grein er sá sami og gjaldlagi fasteignaskatts.

18. gr.

Þar sem vatn er selt samkvæmt mæli eða vatnsnot eru áætluð skv. 16. gr. skal greiða kr. 8.00 á hvern m³ auk gjalds skv. 17. gr. Vatnssala skv. þessari grein fellur í gjalddaga ársfjórðungslega innan mánaðar frá lokum hvers ársfjórðungs.

19. gr.

Heimæðagjöld Vatnsveitu Sauðárkróks skulu vera sem hér segir:

Rúmmál húss (utanmál).

400— 2000 m ³	kr. 21 000.00	fyrir	400 m ³	og	16.00 kr/m ³	þar yfir.
2000— 6000 m ³	kr. 46 600.00	fyrir	2000 m ³	og	14.50 kr/m ³	þar yfir.
6000—10000 m ³	kr. 104 600.00	fyrir	6000 m ³	og	13.00 kr/m ³	þar yfir.
yfir 10000 m ³	kr. 156 600.00	fyrir	10000 m ³	og	11.50 kr/m ³	þar yfir.

Gjöld skv. 19. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar pr. 1. nóvember 1975 (1986 stig). Er bæjarráði heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar sem á nefndri vísitölu verða. Heimæðagjöld skal greiða um leið og bygging er tengd vatnsveitunni.

20. gr.

Fyrir vatn í skip í höfninni greiðast kr. 50.00 fyrir hvern m³ og auk þess afgreiðslugjald kr. 500.00 að degi, en kr. 900.00 utan dagvinnutíma. Gjaldið greiðist við viðtöku.

21. gr.

Heimilt er bæjarstjórn fyrir eitt ár í senn, að hækka eða lækka gjöld skv. reglugerð þessari, öll eða hvert um sig um allt að 50%, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis.

22. gr.

Verði vanskil skal reikna hæstu lögleyfða dráttarvexti. Heimilt er að loka fyrir vatn frá veitukerfinu til þeirra, sem ekki greiða vatnsskatt og önnur gjöld skv. reglugerð þessari, á réttum gjalddögum. Opnunargjald skal vera kr. 1000.00. Vatnsskatt og önnur gjöld skv. reglugerð þessari má taka lögtaki, og njóta gjöld þessi lögveðsréttar í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

23. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 20 000.00, nema þyngri refsing liggji við að lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir Vatnsveitu Sauðárkróks nr. 96 14. apríl 1972.

Félagsmálaráðuneytið, 19. febrúar 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

27. febrúar 1976.

Nr. 51.

REGLUGERÐ

um vöruflutninga með loftförum.

1. gr.

Almennt.

- 1.1. Þegar vörur eru fluttar með loftförum skal hlaða þeim og binda þær þannig tryggilega niður, að öruggt sé að þær geti ekki færst til, og á þann hátt valdið breytingu á þyngdarpunkti loftfarsins, skaðað áhöfn eða farþega, eða skemmt mikilvæga hluta loftfarsins.

2. gr.

Vöruflutningar í venjulegu vörurými.

- 2.1. Við hleðslu í vörurými, skal fara eftir gildandi reglum um þann hámarksþunga sem láta má í vörurýmið, og jafnframt á hverja flatareiningu í hlutaðeigandi tegund loftfars. Hleðslufyrirmæli hér að lútandi skulu höfð greinilega uppi við í vörurýminu í auglýsingu þeirra sem annast hleðsluna.
- 2.2. Allur bindibúnaður, sem notaður er til þess að binda niður farm í vörurými, svo sem net, krókar, bönd og festingar, skal þola eftirfarandi álag:
- a) Þegar vörurými er þannig, að óbundinn flutningur gæti skaðað áhöfn eða farþega þegar kraftar hraðabreytinga verka á loftfarið:

Kraftstefna	Brotþol
Fram	6 × þungi farmsins
Upp	2 × þungi farmsins
Aftur og til hliðar	1.5 × þungi farmsins

eða meira brotþol sem loftfarið er gert fyrir.